



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Minnisblað til fræðslunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns

Dags: 17. október 2022

Málsnúmer: 202203832/40.1

Málsmeðferð: Til upplýsinga

Starfsmaður: Jóhanna Magnúsdóttir, Verkefnastjóri fræðslu- og frístundasviðs

Í ljósi upplýsinga um stöðu framkvæmda við Kvíslarskóla er ljóst að mötuneyti skólans verður ekki tilbúið á þessu skólaári. Bregðast þarf við þeirri stöðu og skoða leiðir hvernig hægt verði að bjóða nemendum og starfsmönnum upp á hádegismat.

Sú tillaga hefur komið fram að færa mötuneytisaðstöðu Kvíslarskóla í Hlégarð. Að mati skólastjóra Kvíslarskóla væri sú tillaga síst þar sem fjarlægð frá skóla gæti orðið til þess að nemendur mæti ekki í hádegismat ef eitthvað er að veðri.

Í samstarfi við skólastjóra voru aðrir kostir skoðaðir eins að fá fyrirtæki til að koma með fulleldaðan mat í hitakössum til skömmtunar eða með fulleldaðan mat í matarbökkum.

Haft var samband við skólastjóra í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu til að kanna reynslu þeirra af aðkeyptum bakkamat. Mælti hann frekar með að fá mat í hitakössum til skömmtunar á diska.

Í ljósi þessa er álitlegasti kosturinn að fá aðsendan fulleldaðan mat til skömmtunar í Kvíslarskóla og verið er að skoða þá leið.

Virðingarfyllst,

Linda Udengård,
framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs